

# austur glugginn

NEFNDASVIÐ ALÞINGIS  
AUSTURSTRÆTI 8 – 10  
150 – REYKJAVÍK


Alþingi  
Erindi nr. P 139/1679  
komudagur 14.3.2011

EFNI: UMSÖGN UM MÁL 107; STAÐBUNDNA FJÖLMIÐLA

Útgáfufélag Austurlands ehf. gefur út eina fréttablaðið á Austurlandi sem kemur út vikulega og færir Austfirðingum fréttir úr fjórðungnum. Mikilvægi fjölmiðilsins á þessu svæði hefur aldrei verið meiri enda mikill skortur á fréttafloppningi frá svæðinu. Aðhald fjölmiðlanna og upplýsingaveita til íbúa er því af mjög skornum skammti. Eins og segir í greinargerð þingsályktunarinnar þá hefur þörfin fyrir staðbundna fjölmiðla aldrei verið meiri og Austurland er þar engin undantekning m.a. vegna minni þjónustu Ríkisútvarpsins. Á sama tíma og þörfin er meiri þá hafa efnahagsþrengingar leitt til talsvert minni tekna í gegnum auglýsingaöflun. Rekstur blaðsins og burðargeta er því í lágmarki og starfsmannafjöldinn hefur aldrei verið minni.

Útgáfufélag Austurlands fagnar því framlagningu þessa máls og telur brýna nauðsyn að gera úttekt á stöðu staðbundinna fjölmiðla og styður því eindregið framlagningu máls nr. 107 - **um staðbundna fjölmiðla.**

Fjarðabyggð 12. mars 2011.

  
Ragnar Sigurðsson  
Ritstjóri Austurgluggans



Nefndasvið Alþingis  
b.t. Menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 139/1764*  
*komudagur 19/3/11*

Reykjavík 16. mars 2011

## **Efni: Umsögn Bláamannafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla**

Flm.: Birkir Jón Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Guðmundur Steingrímsson, Eygló Harðardóttir, Puriður Backman.  
*Þskj. 115 — 107. Mál, 139. löggjafarþing 2010–2011.*

Bláamannafélag Íslands fagnar því að á ný sé komin fram þingsályktunartillaga um að gerð verði úttekt á stöðu staðbundinna fjölmiðla á Íslandi. Tillögur sem efnislega eru samstofna þessari hafa nokkrum sinnum komið fram og því miður ekki náð afgreiðslu þrátt fyrir jákvæðar undirtektir þingmanna í ræðustól.

Um árabíl hefur verið ljóst að rekstrargrundvöllur staðbundinna fjölmiðla hefur verið mjög veikur. Ræðst það m.a. af því að markaðssvæði slíkra miðla miðar eðli málsins samkvæmt við nærsamfélagið sem takmarkar möguleika þeirra til að afla auglýsingatekna. Það á ekki síst við eftir þá miklu samþjöppun sem orðið hefur í fyrirtækjarekstri á undanförunum árum. Auglýsingabirtingar eru ákvarðaðar með miðlægum hætti fjarri hinum daglega vettvangi staðarmiðlanna. Engu að síður benda rannsóknir fræðimanna, m.a. við Háskólann á Akureyri, til þess að mikil eftirspurn sé eftir því efni sem finna má í þessum miðlum og að þeir skipta miklu máli fyrir samfélagssamheldni og lýðræðislega þátttöku og virkni borgaranna. Einnig er ljóst að staðbundnir miðlar eru mjög mikilvægar uppsprettur fyrir fréttaeftirbúnaði annarra fjölmiðla og að blaðamenn á landsdekkandi miðlum byggja á þeim grunnupplýsingum sem staðarmiðlarnir setja fram.

Eins og fram hefur komið í umsögnum Bláamannafélagsins um önnur þingmál, m.a. frumvarp að fjölmiðlalögum, er veruleg ástæða til að hafa áhyggjur af rekstrarumhverfi fjölmiðlanna, sem hefur versnað til mikilla muna á síðustu misserum. Í því sambandi hefur félagið bent á að styrkir og rekstrarívilnanir í einhverju formi til fjölmiðla hafa tíðkast og þykja sjálfsagðir víða í Evrópu og er litið á slíkt sem nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja lýðræðislega umræðu – til að tryggja að upplýsingakerfi lýðræðisins virki með þeim hætti sem ætlast er til. Þó slíkt sé því miður ekki tekið til umræðu í fjölmiðlafrumvarpinu sem fyrir þinginu liggur, þá er sérstaklega jákvætt að fá


fram þessa þingsályktun um staðbundnu fjölmiðlana, þar sem þessum atriðum er velt upp. Lýðræðislegt og samfélagsleg hlutverk staðbundinna fjölmiðla er ótvírætt og því sambandi má minna á mikilvægt hlutverk héraðsfréttablaða í byggðakosningunum í maí fyrra, en kannanir sýna einmitt að þau voru einn megin farvegur pólitískrar umræðu í kosningabaráttunni.

Blaðamannafélagið hefur áhyggjur af rekstrarumhverfi og vinnuumhverfi fjölmiðla, bæði á landsvísi og staðbundinna miðla. Þessar áhyggjur beinast m.a. að skilningsleysi stórnvalda og stjórnámálanna á mikilvægi sjálfstæðra og faglegra fjölmiðla og fjölmiðlunar og því að þessi mikilvæga starfsemi sé í raun eins og hver annar fyrirtækjarekstur sem alls ekki megi njóta sérstaks stuðnings eða ívilnana sem tryggi fjölbreytni og fjölræði. Nýjar upplýsingar um smánarlega litil kaup ráðuneyta og ríkisfyrirtækja á dagblöðum og héraðsfréttablöðum eru aðeins það síðasta af mörgum dæmum um að ríkisvaldið lítur ekki á fjölmiðla sem upplýsingakerfi lýðræðisins, heldur sem hverja aðra vöru sem hægt er að spara við sig þegar á móti blæs. Sérstaklega er þó hlutur héraðsfréttablaða í þessum ríkisáskriftum snautlegur.

Blaðamannafélagið telur að það væri fengur að því að fá ábyrga aðila til að gera úttekt á stöðu og rekstrarskilyrðum staðbundinna fjölmiðla, enda myndi það færa þennan mikilvæga flokk fjölmiðlunar inn í almenna umræðu um fjölmiðlakerfið á Íslandi. Þá má velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að setja skorður dreifingu auglýsingaefnis án ritstjórnarefnis inn á heimili landsmanna. Slíkar aðgerðir gætu orðið til þess að styrkja stöðu staðbundinna fjölmiðla.

Virðingarfyllst

f.h stjórnar BÍ



Hjálmar Jónsson formaður BÍ  
og Sigurður Már Jónsson varaformaður BÍ.


Akureyri 14. mars 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla, 107. mál.** Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings mælir með samþykkt tillögunnar og tekur undir meðfylgjandi greinargerð. Sú skerðing sem orðið hefur á þjónustu Ríkisútvarpsins við landsbyggðina er umhugsunarefni m.a. í ljósi þeirra framlaga sem íbúar þar leggja til stofnunarinnar í formi nefskatts. Gengið er út frá að nefnd þeirri sem tillagan gerir ráð fyrir verði sett ásættanleg tímamörk.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jónasson  
framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 139/1724  
komudagur 16.3.2011

Menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 15. mars 2011  
Tilv.: 1102124

### Umsögn Háskólans á Akureyri (HA) um Tillögu til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla, þskj. 115 — 107. mál.

Birgir Guðmundsson dósent, formaður félagsvísindadeildar hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri tók saman umsögnina.

Þingsályktunartillaga um staðbundna fjölmiðla fjallar um nefndaskipun sem geri úttekt á stöðu staðbundinna fjölmiðla, sérstaklega rekstrarstöðu þeirra. Sérstök ástæða er til að taka undir það sem í þessari þingsályktun kemur fram. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á staðbundnum fjölmiðlum bæði hér á landi og annars staðar benda til þess að þörf sé á aðgerðum til að tryggja nauðsynlega fjölbreytni í fjölmiðlaflórinni – ekki einungis varðandi landsdekkandi miðla – heldur líka lággróðurinn, staðbundna miðla.

Þannig er eftirfarandi meðal niðurstaðna úr athugun Birgis Guðmundsonar sem birtist í bók hans, *Miðjan er undir iljum þínum – héraðsfréttablöð og nærfjölmiðlun á nýrri öld*, sem kom út hjá Háskólaútgáfunni 2004.

- Eftirspurn eftir nærfréttum er meiri en framboð
- Staðbundnir miðlar eru mikilvæg uppspretta fréttu fyrir landsmiðla og efla innviði nærsamfélagsins
- Framboð takmarkast m.a. af litlu rekstrarlegu svigrúmi staðbundinna miðla

Frekari rannsóknir hér á landi hafa sýnt svipaðar niðurstöður og sambærilegar rannsóknir erlendis varðandi það að nærfjölmiðlar geta skipt miklu máli fyrir samfélagssamheldni, staðarvitund og lýðræðislega þátttöku í nærsamfélaginu. Þannig má segja að nærfjölmiðlar gegni frekar en aðrir fjölmiðlar hlutverki „samfélagssmiðs“ sem m.a. einkennist af því að nærmiðillinn er:

- Spegill samfélagsins og gefur því sjálfsmynd
- Lýðræðislegur vettvangur fyrir umræðu nærsamfélagsins
- Býr til sameiginleg menningar- og félagsleg viðmið og skoðanir
- Mikilvægur almennur fréttafarvegur



Í ljósi þess að almenningismiðillinn RÚV hefur tekið um það stefnumarkandi ákvörðun að hætta svæðisbundnum útsendingum frá sérstökum svæðisstöðvum, hefur stórlega dregist saman sá vettvangur sem einstökum samfélögum hefur staðið til boða til samtals innan svæðis.

RÚV hefur áður haldið úti öflugum fréttum af landsbyggðinni, sem er allt annað en að vera vettvangur lýðræðislegrar þjóðfélagsmæðu og frétttaflutnings fólks sem býr á hinum ýmsu svæðum landsins. Þetta mikilvæga samtalshlutverk er nú alfarið í höndum svæðisbundinna, einkarekinna fjölmiðla sem vegna fámennis og dreifðrar búsetu hafa mjög takmarkaðar markaðs- og rekstrarforsendur.

Þingsályktun þessi er því mjög tímabær og æskilegt að sú stefna sem þar kemur fram verði samþykkt í þinginu.

Fyrir hönd Háskólans á Akureyri,

Stefán B. Sigurðsson, rektor



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Bakka 3 \* 765 - Djúpvogur \* Sími 472 1690 \* Netfang [ssa@ssa.is](mailto:ssa@ssa.is) \* [www.ssa.is](http://www.ssa.is)

Alþingi

Erindi nr. P 139/1572

komudagur 3. 3. 2011

NEFNDASVIÐ ALÞINGIS  
AUSTURSTRÆTI 8 - 10  
150 - REYKJAVÍK

EFNI: UMSÖGN UM MÁL 107; STAÐBUNDNA FJÖLMIÐLA

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi styður framlagningu máls nr. 107 - um staðbundna fjölmiðla - á hinu háa Alþingi og mælir eindregið með framgangi þess.

Ofanritað tilkynnist hér með.

Djúpavogi 2. marz 2011;



Bj. Háspór Guðmundsson  
frkvstj. SSA



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1792  
komudagur 24.3.2011

Selfossi, 23. mars 2011

1010005SA ÞH


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SASS um 107. mál

Á fundi stjórnar SASS, sem haldinn var 18. mars sl., var tekið fyrir erindi frá Alþingi þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla, 107. mál.

Stjórn SASS mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 139/1723  
komudagur 16.3.2011



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Borgarnesi 14. mars 2011.

### **Umsögn um frumvarp til laga um, mál nr. 107.**

Vísað er til erindis Nefndasviðs Alþingis, dags 25. feb. 2011, en þar er Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) gefinn kostur á að veita umsögn um má nr. 107. Umsögn um tillögu til þingsálagtunar um staðbundna fjölmiðla

Stjórn SSV styður framgang málsins.

Virðingarfyllt  
F.h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1763  
Komudagur 21.3.2011

Umsögn Stefáns Jökulssonar um tilögu til þingályktunar  
um staðbundna fjölmiðla, 107. mál

Mikilvægt er að úttekt á stöðu landshluta fjölmiðla, og umhugsun um gildi þeirra, taki ekki aðeins til „markaðar svæðisbundinna fjölmiðla“ og lýðræðishlutverks slíkra miðla í þröngum skilningi heldur einnig til menningar-  
hlutverks þeirra í víðum skilningi. Landshlutaútlit snýst t.a.m. ekki aðeins um miðlun efnis/upplýsinga og skoðanaskipti innan landshluta heldur skerpið áttahagavitund þeirra sem í honum búa við það að koma  
staðbundnu fjölmiðlaefni á framfæri við þá sem búa í öðrum landshlutum. Þeir sem hlusta/horfa á efni úr  
öðrum fjórðungum en sínum eigin öðlast líka ríkari tilfinningu fyrir heildinni og, vegna samanburðar, næmari  
skiining á því sem er þeim næst.

Af þessum ástæðum er mikilvægt að allur almenningur eigi þess kost að njóta efnis úr öllum fjórðungum  
(sbr. Landann í sjónvarpi RÚV). Þurfi að velja milli staðbundinnar dreifingar efnis og dreifingar á landsvísu,  
t.d. vegna kostnaðar, á dreifing á landsbyggðarefni á landsvísu að hafa forgang.

Segja má að þetta atriði snerti þjóðarvitundina, samhug og samvitund fólks í landinu. Sú vitund hefur áhrif  
á framtíð þjóðarinnar – og snýst ekki aðeins um vitund um sameiginlega tungu og menningu heldur jafnframt  
vitneskju um það að flest þeirra vandamála sem við þurfum að leysa til að færa mannlífið til betri vegar í  
landinu leysum við ekki á einum stað heldur krefst umbótastarfið samvinnu fólks um allt land.

Í þessu felst m.ö.o. að staðbundnir fjölmiðlar nægja ekki landsbyggðinni einir og sér. Þeir geta að vísu  
unnið gegn staðalmyndakenndri og einhliða umfjöllun þjóðarfjölmiðils með efnisgerð sinni, og fjallað  
meira um staðbundna menningu og hagsmuni en ella væri gert, en slíkt efni á erindi við alla landsmenn.  
Og þótt manneskju á landsbyggðinni þyki gott að geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri, er ekki víst  
að hún vilji fortakslaust gera það sem fulltrúi dreifbýlisins, og lesendur eða áhorfendur séu allir í hennar hópi.

Því má ekki má ganga út frá því – hvorki hvað varðar dreifbýlisefni í staðbundnum fjölmiðli né slíkt efni í  
þjóðarmiðli – að fréttafólk/dagskrárgerðarfólk á landsbyggðinni fjalli aðeins um staðbundin málefni, heldur  
geti það talað við hvern sem er, um hvað sem er, á hvaða hátt sem er. Hinar stóru dagskrárpólitísku spurningar  
hvað þetta varðar eru kannski þessar: Viljum við/höfum við efni á að halda úti öflugum staðbundnum fjölmiðli-  
um í öllum landshlutum (eða styrkja þá) og hver á sérstaða þeirra að vera? Hvaða hlutverki eiga þeir að gegna  
og hvers konar efni eiga þeir að flytja? Hver á svo hlutur landsbyggðartengds efnis að vera í þjóðarmiðli og  
hvers eðlis á slíkt efni að vera?

Nú á dögum snýst rekstrargrundvöllur fjölmiðla ekki eins mikið um hús og tæki og áður var, og átak í þá veru  
að efla staðbundna fjölmiðlun getur nú fremur snúist um nýjar hugmyndir og menntun og færni þeirra sem  
sinna henni. Hugsa þarf hugmyndafræði staðbundinna fjölmiðla upp á nýtt (m.a með því að svara  
ofangreindum spurningum) og í framhaldi af því þarf að huga að mannafla og hinum tæknilegu innviðum,  
og ákveða hverjir eigi að sjá um/borga hvað, t.d. ríki, sveitarfélög eða einkaaðilar. Í þessu efni skiptir það  
höfudmáli að horft sé til þeirra möguleika sem stafræn tækni býður nú upp á, bæði hvað varðar vinnslu og  
miðlun efnis. Margir fjölmiðlar leggja nú kapp á að þjálfa sjálfbært starfsfólk, fólk sem er vel að sér í tölvutækni  
og getur sinnt öllum verkþáttum fréttamennsku eða efnisgerðar, þáttum sem margir sinntu áður. Starfsþjálfun  
af þessu tagi þarf að vera burðarás í endurreisn staðbundinna miðla. Sjálfbært fjölmiðlafólk getur farið víða um  
og gengið frá efni hvar sem er, en það þarf að hafa aðgang að ljósleiðara til að koma efninu frá sér.

Með því að fjárfesta í menntun slíkra starfsmanna má spara fé í daglegu fjölmiðlaamstri sem nota má til að  
starfrækja stúdíó/útgáfumiðstöðvar í hverjum fjórðungi þar sem unnið er að gerð efnis sem kallar á meiri  
undirbúning og lengri vinnslutíma. Ekki virðist ástæða til horfa sérstaklega til útvarps eða prentmiðla í  
umbótastarfi á þessu sviði; netmiðlar af ýmsu tagi, sem geta sameinað útvarp, sjónvarp og margmiðlunarefni,  
virðast henta vel til fjölmiðlunar sem getur verið staðbundin og landsmiðuð í senn. Loks ber að halda því til

haga að ekki er víst að fjölbreytni í fjölmiðlun aukist þótt staðbundnum fjölmiðlum fjölgi. Sú hugmyndafræði sem starf þeirra verður byggt á, ásamt fagmennsku og færni starfsfólksins, mun ráða úrslitum hvað það varðar.

Virðingarfyllst  
Stefán Jökulsson

E.S. Ég fjölmiðlafræðingur að mennt og er lektor í miðlun og miðlalæsi við menntavísindavísindasvið HÍ. Ég hef langa reynslu af ýmiss konar miðlun og var um árabíl dagskrárgerðarmaður hjá RÚV. Í framhaldi af starfsnámi í Bretlandi 1982 veitti BBC mér réttindi til að kenna útvarpsþáttagerð og starfa sem ráðgjafi á sviði fjölmiðlunar (BBC On-Station-Instructor).

Þegar ég stjórnaði morgunútvarpi á sínum tíma lagði ég áherslu á hlut landsbyggðarinnar og réð til starfa „okkar fólk“ úti á landi sem lagði reglulega til efni. Í þessum hópi voru til dæmis Finnbogi Hermannsson á Ísafirði og Inga Rósa Þórðardóttir á Egilsstöðum. Þarna urðu til sprotar sem síðar urðu að landshlutastöðvum.

Þetta tek ég fram vegna að ofangreindir punktar litast af starfsreynslu minni og menntun, og ekki síður af áhuga mínum á þjóðarfjölmiðlun og því rými til samskipta og skoðanamyndunar sem hún skapar.